

1238. Stjórnarfundur VR

Haldinn föstudaginn 25. nóvember 2022, kl. 09:00 í fjarfundi á TEAMS

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir (mætti kl. 09:40), Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, Steinunn Böðvarsdóttir starfsmaður og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kjaramál

Ragnar Þór sagði tilefni fundarins að hann ætlaði að gera grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að slíta kjarasamningaviðræðum. Tók hann þá ákvörðun samkvæmt umboði samninganefndar þar um.

Að slíta eru stór skilaboð til Seðlabanka Íslands og atvinnulífsins.

Ragnar Þór var í góðu sambandi við forseta ASÍ um gang mála og eru engin illindi á milli aðila þótt nú skiljist leiðir. Verðum áfram saman í að vinna kröfur gagnvart stjórnvöldum.

Við verðum að gera ráð fyrir að orðræðan geti orðið hvöss og mun hann svara því. Þetta er rétt ákvörðun að hans mati því annars hefðum við bara hjakkað áfram í sama hjólfarinu.

Mikilvægt er að ljóst sé að ekki er verið að spá í neinar aðgerðir eða verkföll og mun Ragnar Þór svara því þannig til ef verður spurt. Mun hann einnig mæta á alla fundi sem Ríkissáttasemjari boðar til. Við munum svo vinna meira efni til að upplýsa fólk um stöðuna í efnahagslífinu sem er mjög góð.

Opnaði Ragnar Þór næst fyrir umræður.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að hann tæki því þannig að allir fundarmenn standi að baki þessari ákvörðun um að slíta viðræðum. Við stöndum saman sem einn hópur.

Fundi er slitið kl. 9:56

Árni Leósson, fundarritari

